

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Hornafjarðar Urðunarstaður á Mel í landi Fjarðar



| | | | |
|----------------------------|-----------------------|--------------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 11.4.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Kristjánsdóttir |
| Fyrirtæki | Sorpstöð Hornafjarðar | Eftirlitsmaður | Helga Hreinsdóttir |
| Heimili | Hafnarbraut 27 | Tegund eftirlits | Framselt eftirlit |
| Kennitala | 590169-4639 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Birgir Óskarsson | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Bryndís Bjarnason | Staðsetning | 692965,529 428910,162 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik voru staðfest, annars vegar um að hafna urðun á endurnýtanlegum úrgangi og hins vegar að þekja daglega úrgang sem tekið er við til urðunar. Þrjár ábendingar eru um atriði sem lúta að umgengni og þrifum á urðunarstaðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Helga Hreinsdóttir.

Í eftirlitsferðinni 20.4.2015 var gengið um urðunarstaðinn í fylgd Birgis Árnasonar. Í kjölfar eftirlits á vettvangi var fundað með Bryndís Bjarnason.

Á vettvangi kom fram að:

- ⟨ Nokkuð var af lausu efni og illa flokkuðu í enda virkrar urðunarreinar
- ⟨ Fokefni var í skorningum og lítilsháttar í girðingu neðan urðunarsvæðis
- ⟨ Tvö gömul og ónotuð tæki, vinnuvél og olíubíll virðast hafa dagað uppi á urðunarstaðnum, einnig timbur og net
- ⟨ Siturlögn aftan við hreinsivirki var stífluð, þannig að megnið af sigvatni fór framhjá siturbeðinu . Í eftirlitsferðinni voru tekin sýni skv. ákvæðum í gr. 5.2. í starfsleyfi
- ⟨ Girðing um svæðið var í þokkalegu ásigkomulagi eftir veturinn
- ⟨ Mikið af lífrænum úrgangi hefur borist inn á urðunarsvæðið á undanförunum vikum, einkum slógi, þar sem fiskimjölsværsmiðjan á Höfn hefur ekki verið starfrækt vegna endurnýjunar búnaðar. Ummerki voru um vargfugl á svæðinu.

Á fundi var farið yfir ákvæði starfsleyfis og eftirfarandi rætt:

- ⟨ Farið var fram á að áætlun um gasmyndun frá urðunarstaðnum yrði yfirfarin og uppfærð ef þörf er á og greinargerð þar um send til Umhverfisstofnunar á árinu 2016
- ⟨ Minnt á að rekstaraðila ber að kalla til samráðsfundar fjórða hvert ár, nú eru fjögur ár liðin frá útgáfu starfsleyfis
- ⟨ Vísað hefur verið til umhverfismarkmiða í aðalskipulagi sveitarfélagsins, en því beint til rekstaraðila að vinna umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn skv. ákvæðum í gr. 2.3 í starfsleyfi
- ⟨ Rætt um skyldur rekstaraðila til að hafna úrgangi til förgunar ef flokkun er ófullnægjandi
- ⟨ Í janúar 2016 barst kvörtun um fok frá urðunarstaðnum. Í svari umhverfisfulltrúa við athugasemd þar um kom fram að allt sorp sem fari á urðunarstaðinn eftir 1. febrúar verði baggað áður en það fer þangað. Fram kom að böggun úrgangs hefur ekki gengið eins vel og áformað var. Enn er vandamál hve vindasamt er á svæðinu
- ⟨ Bent á að huga að endanlegum frágangi þess hluta urðunarstaðarins sem kominn er í rétta hæð, sbr. gr. 4.5 í starfleyfi

Frávik frá

grein 4.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Úrgangur í urðunarrein var að hluta til blandaður grófum úrgangi og málmum sem ber að flytja til endurvinnslu

grein 4.3 í starfsleyfi

Skylt er að byrgja allan úrgang sem lagður er í urðunarreinar daglega með þekjuefni eða nótum

ATHUGASEMDIR

Flytja skal burt ónothæfar vinnuvélar, timbur og annað sem virðist vera í geymslu á svæðinu.

Hreinsa skal fokefni úr girðingum og skorningum og yfirfara girðingar áður en fé er sleppt á fjall.

Laga þarf hreinsivirki þannig að siturlagnir virki til hreinsunar eða á annan hátt að tryggja hreinsun sigvatns

28.06.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Sigríður Kristjánsdóttir